

til og fús á að takast þetta ætlunarverk á hendur, verið svo naumur, að stjórnarráðinu hefir verið alveg ómögulegt að verða við bæn yðar í þessu efni, og verðum vör því að biða eptir nákvæmari skýrslu frá yður um það, hvort ástandið er svo, að ekki verði komizt hjá að senda dýralækni til Íslands.

1866.  
16. april.

**36. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til Steingríms Thorsteinssonar, kandidats í málfræði, um styrk til að semja kennslubók á íslenzku í grískri og rómverskri goðafræði.**

28. april.

Stjórnarráðið kunngjörir yður hérmeð, að það samkvæmt bænarskrá yðar dagsettri 6. októbermán. f. á. hefir veitt yður 300 ríkisdala styrk til að semja kennslubók á íslenzku í grískri og rómverskri goðafræði, og skal því við bætt, að stjórnarráðið í dag hefir hlutazt til um, að yður verði borgaður fyrst um sinn helmingurinn af styrk þessum úr aðalfjárhirzlu ríkisins.

**37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Gísla Brynjúlfs-sonar, kand. philos., um styrk til að semja rit um sögu og ástand landstjórnarinnar á Íslandi á miðöldunum.**

1. mai.

Í bænarskrá dagsettri 15. októbermán. f. á. hafði þér sókt um 800 ríkisdala styrk, bæði til að semja rit um ástand og sögu landstjórnarinnar á Íslandi frá því fyrst á miðöldunum og langt fram eptir þeim, og líka til að gefa út ýmsar ritgjörðir sem eru í handritasöfnunum íslenzku, og að yðar álitni hafa í sér fólgið margt fróðlegt um landstjórn og lifnaðarháttu (*sociale Liv*) á Íslandi í fornöld, um verzlunarsögu landsins, landshagi og fleira; hafði þér ætlazt á, að allt þetta rit verði hërumbil 20 arkir í tveim pörtum, 10 arkir hver.

1866.

1. maí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin hefir veitt yður, fyrst og fremst sem styrk til að semja rit þetta og búa það undir prentun, 16 ríkisdali fyrir hverja örk, og þarnæst sem styrk til að gefa það út sömuleiðis 16 rd. fyrir hverja örk, og mun styrkur þessi verða borgaður yður fyrir hvern part sérilagi, á þann hátt, að styrkurinn til að semja hann og búa undir prentun verður borgaður fyrirfram fyrir hvern part um sig, og styrkurinn til að gefa hann út, undir eins og búið er að prenta hann. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir farið eptir áætlun yðar um, hversu langt ritið muni verða, og hlutast til um, að yður verði borgaðir 160 rd. úr aðalféhirzlunni hér í bænum, og er það styrkurinn til að semja fyrri part ritsins og búa hann undir prentun.

1. maí.

**38. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa Torfa Bjarnasyni til að stunda landbúnað.**

Í bréfi dagsettu 23. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, beiðzt samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér hafið veitt Torfa Bjarnasyni úr Húnavatnssýslu 50 ríkisdali úr búnaðarsjóði norður- og austuramtsins, til þess að styrkja hann til að ferðast til Skotlands og leggja þar stund á landbúnað.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að dómsmálastjórnin ekki hefir neitt á móti því, að styrkur þessi hefir verið veittur.

3. maí.

**39. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um borgun fyrir útleggingu á „Anabasis Xenofons”.**

Með bréfi dagsettu 4. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá Halldóri Fríðrikssyni, keunara við Reykjavíkur lærða skóla,